



Borgarráð

Uppgjör á samkomulagi vegna uppbyggingar á félagssvæði Fylkis

Óskað er eftir að ráðstafað verði kr. 100.000.000 af sölu byggingarréttar vegna uppgjörs við Íþróttafélagið Fylki vegna samkomulags um sölu lóða í Hraunbæ 133, 143 og 153.

Greinargerð:

Samkvæmt samkomulagi við Íþróttafélagið Fylki dagsett 18. desember 2017 var gert ráð fyrir að íþróttafélagið skilaði til Reykjavíkurborgar svæði sem þeir höfðu til afnota milli Hraunbæjar og Bæjarháls og 20% af söluverði byggingarréttar umfram kr. 400.000.000 fari til uppbyggingar og endurbóta á svæði Fylkis. Reykjavíkurborg hefur þegar selt byggingarrétt á lóð Hraunbæjar 153 fyrir kr. 381.555.000 og ljóst er að byggingarréttur á lóðum Hraunbæjar 133 og 143 verði þó nokkur. Gert er ráð fyrir að sala byggingarréttar verði a.m.k. kr. 900.000.000 þannig að ljóst er að 20% af sölu byggingarréttar umfram kr. 400.000.000 verður ekki minni en kr. 100.000.000.

Er því óskað eftir að gert verði ráð fyrir að kr. 100.000.000 verði til ráðstöfunar vegna framkvæmda á svæði Fylkis á þessu ári og lokauppgjör á samkomulagi verði á árinu 2020. Sjá meðfylgjandi áætlun USK um framkvæmdir.

Áhrifin á rekstur vegna fjármagnskostnaðar eru óveruleg á yfirstandandi ári og áhrif á sjóðstreymi fela í sér aukningu fjárfestinga í varanlegum fastafjármunum að fjárhæð kr. 100.000.000 og lækkun á handbæru fé A-hluta Reykjavíkurborgar sem nemur kr. 100.000.000. Þessi áhrif verða einnig í samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar A+B.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Áætlun um framkvæmdir á íþróttasvæði Fylkis.

Samkomulag við Íþróttafélagið Fylki dags. 18. desember 2017.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Íþróttafélagið Fylkir, kt. 481173-0359, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt Fylkir, gera með sér eftirfarandi

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Fylkisveg.

1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður annað sem tilheyrir vellinum svo sem girðingar, vallarklukka, mörk og varamannaskýli endurnýjað. Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins, innréttar hana og sér um endurnýjum heimæðar sé þess þörf.

Fylkir mun sjá um að ljúka öðrum nauðsynlegum framkvæmdum við völinn þar með talið: salerni, sjúkrahvergi, fundaraðstöðu, blaðamannaaðstöðu, veitingasölu, barnahvergi o.fl.

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um deiliskipulag.

Undirbúningur við gervigrasvöll hefst strax í janúar 2018 og áætlað að hægt verði að spila á vellinum í lok maí 2018. Stefnt er að því að öllum framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2018.

Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. *Skil á æfingarsvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.*


Fylkir skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls þegar lokið er við að leggja gervigras á aðalvöll félagsins samkvæmt 1. grein.

3. *Nýjar lóðir við Hraunbæ.*

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóðum sem til verða á því svæði sem Fylkir losar við Hraunbæ og mun ákveða söluverð lóða. Verði söluverð byggingarréttar hærra en sem nemur 400 milljónum, sem er fyrirhugaður kostnaður við endurbætur samkvæmt 1. grein, mun 20% af söluverði sem verður umfram framkvæmdakostnað fara í aðrar endurbætur á svæði Fylkis.


4. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Fylkis.*

Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fylkir mun skipa starfshóp sem á tímabilinu 1. nóvember 2017 - ~~20~~ febrúar 2018 mun vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Mun borgarstjóri leggja fram erindisbréf starfshópsins í byrjun desember 2017.



F.h. Reykjavíkurborgar

Reykjavík 18.12.2017



F.h. Fylkis

Fylkir - Keppnisvöllur

Minnisblað USK 13/6 2019

	mkr.
Kostnaðarstaða 13. júní 2019 samtals:	416
Verkframkvæmd USK 323 mkr.	
Verkframkvæmd Fylkis 93 mkr.	
Samtala kostnaðarstöðu og eftirstöðva:	514

Óframkvæmt:	mkr.
Girðing við suðurenda vallar 4m	4
Girðing við norðurenda vallar 3m	15
Girðing SA við aðkomu að World Class	2
Endurnýjun girðinga á Vestur og SV hlið	5
Grasþakning milli keppnisv. og æfingasvæðis	5
Frágangur umhverfis tæknihús	2
Bætt aðkoma leikmanna að velli	2
Snúningur á markatöflu	0,7
Öryggisgrind framan við stúku (auglýsingar)	1
Ljósleiðaratenging tæknihúss	2
Ýmiss verk umhverfis völl	20
Ógreitt vegna framkvæmda við stúku	14,3
Áætlaðar eftirstöðvar stúku	25
Samtals:	98